

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorphirðugjald verði 18.100 kr. og sorp-förgunargjald 34.500 kr. samkvæmt samþykkt um sorphirðu. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpförgunargjald á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði 17.250 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur	34 kr./kg
Timbur	42 kr./kg

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1344/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 17. desember 2020.

  
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

